



# ÍSÍ FRÉTTIR



Desember 2018



# Ávarp forseta

Desembermánuður er mættur og flestir landsmenn farnir að herða á undirbúningi jóla og áramóta enda dagarnir undrafljótir að líða í þessum síðasta mánuði ársins. Desember er ekki bara jólamánuður heldur er hann einnig annasamur tími hjá íþróttahreyfingunni og þá ekki síst iðkendunum. Mörg stórmót eru einmitt haldin í desembermánuði, bæði hér á Íslandi og einnig úti í heimi. Margir keppendur eru á ferð og flugi á milli hátíða, missa af jólaboðum og samveru með sínum nánustu vegna þátttöku í mótum en telja það ekki eftir sér vegna þess að þeir eru með fókussinn stilltan á sína íþrótt og sett markmið.

Desember er einnig nýttur til að líta um öxl, gleðjast yfir góðum árangri og verðlauna þá sem fram úr hafa skarað á árinu. Árið 2018 hefur á margan hátt verið gjöfult á íþróttasviðinu og íslenskt afreksíþróttafólk náð eftirtektarverðum árangri í mörgum greinum. Að þessu sinni stóðu einstaklingsgreinarnar kannski örlítið upp úr eftir frábært gengi hópíþróttá á árunum þar á undan. Heimsmet voru sett á árinu, sem og Evrópumet og Norðurlandamet og enn náum við að koma heiminum á óvart með frábærum árangri í íþróttum.

Skrifstofa ÍSÍ hefur ekki farið varhluta af auknum áhuga erlendra aðila á uppbyggingu, starfsemi og rekstri íþróttahreyfingarinnar á Íslandi, aðferðum, aðstæðum, mannvirkjum, þjálfaramenntun og öðru því sem tengist íþróttum í landinu. Nánast í hverri viku berast óskir um að fá kynningu hjá ÍSÍ um tiltekin málefni er varða hreyfinguna og hefur ÍSÍ reynt að verða við þeim óskum eins og kostur er. Það er ljóst að fyrirkomulagið hér á landi er á ýmsan hátt ólíkt því sem tíðkast annars staðar í heiminum og fólk er áhugasamt um allt okkar starf. Við getum verið stolt af okkar starfi og það er eftirtektarvert að til okkar sé litið í þessu tilliti, litlu eyþjóðarinnar í norðri sem glímur við óhagstæð veðurskilyrði mestan hluta ársins, miklar fjarlægðir og tilheyrandi kostnað.

Árið 2018 var á vissan hátt flókið ár með innleiðingu nýrra persónuverndarlaga og þarfri umræðu um kynferðislegt áreiti og ofbeldi í íþróttum jafnt sem samfélaginu öllu. Bæði þessi mál munu bæta

íþróttahreyfinguna sem og samfélagið allt, þegar við höfum náð að setja okkur vel inn í þau, lært á nýjar kröfur og reglur og brugðist við með tilheyrandi lausnum fyrir alla aðila. Þetta er þolinmæðisverk sem ekki verður unnið á einni nóttu en við megum ekki sofna á



verðinum. Starfsmannavelta og stjórnendavelta í hreyfingunni er hröð og því er það skylda okkar að halda uppi síendurtekinni fræðslu um þessi mál sem önnur sem á hreyfingunni brenna. Ég vil minna á allt það fræðsluefni sem hægt er að finna á vefsíðu ÍSÍ um allt mögulegt er við kemur okkar starfi og hvet alla áhugasama að setja sig í samband við skrifstofu ÍSÍ ef frekari leiðbeininga er þörf eða ef spurningar vakna.

Í lok mánaðarins fer uppskeruhátíð ÍSÍ fram, þar sem ÍSÍ mun afhenda Íþróttakonum og Íþróttamönnum ársins 2018 allra sérsambanda og íþróttanefnda ÍSÍ viðurkenningar fyrir árangurinn á árinu. Við sama tækfæri verður kjöri Samtaka íþróttafréttamanna um Íþróttamann ársins 2018 lýst. Ég hlakka til að hitta allt þetta frábæra íþróttafólk og gleðjast með þeim yfir góðu gengi þeirra. Það er alveg einstaklega gefandi að horfa yfir hópinn við tækifæri sem þetta og fyllast stolti yfir því hvað við Íslendingar eigum efnilegt og gott íþróttafólk. Það er nefnilega alveg magnað. Ég vil óska ykkur lesendum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs um leið og ég þakka öllum þeim sem koma að starfi íþróttahreyfingarinnar í landinu fyrir þeirra framlag á árinu. Án ykkar starfs værum við ekki í sömu sporum og við stöndum í á þessari stundu. Íþróttaiðkendum öllum óska ég góðs gengis á árinu 2019.

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Láraus L. Blöndal'.

Láraus L. Blöndal, forseti ÍSÍ

# Íþróttamaður ársins 29. desember



Samtök íþróttafréttamanna og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands halda sameiginlegt hóf í tengslum við kjör Íþróttamanns ársins 2018. Hófið verður haldið þann 29. desember í Silfurbergi í Hörpu og hefst kl. 18:00.

Dagskráin samanstendur af afhendingu viðurkenninga ÍSÍ til íþróttakvenna og íþróttamanna sérgreina íþróttar og kjöri Samtaka íþróttafréttamanna um Íþróttamann ársins 2018. Afhending viðurkenninga íþróttafólks sérsambanda fer fram í beinni útsendingu á RÚV2 frá kl. 18:00. Bein útsending frá kjöri íþróttamanns ársins fer fram frá kl. 19:40 á RÚV. Íþróttamaður ársins er nú kjörinn í 63. sinn en þjálfari og lið ársins í sjöunda sinn.

Á hófinu verður útnefnt í Heiðurshöll ÍSÍ. Heiðurshöll ÍSÍ er óáþreifanleg höll afreksíþróttafólks og afreksþjálfara Íslands, í ætt við Hall of Fame á erlendri grundu. Framkvæmdastjórn ÍSÍ útnefnir



einstaklinga í Heiðurshöll ÍSÍ eftir reglugerð þar að lútandi og er Heiðursráð ÍSÍ ráðgefandi aðili varðandi tilnefningar. Með þessu verkefni vill ÍSÍ skapa vettvang til að setja á frekari stall framúrskarandi fólk og skapa minningar í máli og myndum af þeirra helstu afrekum. [Heiðurshöll ÍSÍ má sjá á vefsíðu ÍSÍ hér.](#)

## Siðareglur ÍSÍ

Í kjölfar #églíka frásagna íþróttakvenna snemma á þessu ári var ákveðið að endurskoða siðareglur ÍSÍ, líkt og flest annað fræðsluefni ÍSÍ. Bryndís Valsdóttir siðfræðingur aðstoðaði ÍSÍ við endurskoðun á reglum og einnig var haft samráð við umboðsmann barna við gerð reglnanna.

Á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ fimmtudaginn 15. nóvember sl. voru nýjar siðareglur fyrir ÍSÍ samþykktar samhljóða. Siðareglurnar má finna á [vefsíðu ÍSÍ undir Fræðsla](#).

## Jafnréttismál

Innan íþróttahreyfingarinnar er mikilvægt að jafnréttis í sem víðustum skilningi sé gætt. ÍSÍ hefur nú í samstarfi við Jafnréttisstofu útbúið annars vegar „Leiðbeiningar um gerð jafnréttisáætlana“ og hins vegar „Jafnréttisáætlun fyrir íþróttafélög“. Jafnréttisáætlunina er öllum sambandsaðilum og íþróttafélögum innan ÍSÍ heimilt að nota, íþróttastarfinu til heilla og framfara. Skjölín má finna á [vefsíðu ÍSÍ undir Fræðsla](#).



# Ólympíuleikar ungmenna





Ólympíuleikar ungmenna fóru fram í Buenos Aires 6.- 18. október s.l. Íslenskir keppendur á leikunum voru þau Brynjólfur Óli Karlsson, Karen Mist Arngeldsdóttir og Snæfríður Sól Jónunnardóttir í sundi. Í golfi kepptu þau Hulda Clara Gestsdóttir og Ingvar Andri Magnússon. Í frjálsíþróttum kepptu þau Elísabet Rut Rúnarsdóttir, Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir og Valdimar Hjalti Erlendsson. Í áhaldafimleikum keppti Martin Bjarni Guðmundsson.

Árangur íslensku keppendanna var mjög góður. Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir sigraði í 200m hlaupi stúlkna þar sem hún bætti sinn árangur í báðum umferðum keppinnar. Í fyrri umferð hljóp Guðbjörg Jóna á 23,55 sek. og í þeirri síðari á 23,47 sek.. Í báðum tilfellum er um bætingu á Íslandsmeti kvenna í greininni að ræða. Í sundi náði Snæfríður Sól Jónunnardóttir 11. besta tíma undanriðlanna af 34 keppendum í 200m skriðsundi. Í kringlukasti piltar varð

Valdimar Hjalti Erlendsson í sjötta sæti af fimmtán keppendum. Martin Bjarni Guðmundsson var nærri því að komast í úrslit í tveimur af greinum í fjölþrautinni. Í gólfæfingum og stökki varð Martin Bjarni í 10. sæti af 34 keppendum og því annar varamaður inn í úrslit í þeim greinum. Í golfi varð Ingvar Andri Magnússon í 9.- 10. sæti af 32 keppendum í einstaklingskeppninni í golfi.

Aðstæður voru allar hinar bestu til æfinga og keppni í Buenos Aires, þorp íþróttafólksins var einnig einkar glæsilegt og aðlaðandi fyrir íbúa þess. Fyrir utan hefðbundna keppnis- og æfingadagskrá var heilmikil dagskrá í tengslum við fræðslu og upplifun í boði fyrir þátttakendur á leikunum. Var viðburðunum skipt upp í sex flokka. Snérust þeir að Ólympisma, heilbrigði og lífsstíl, mótun hæfileika, félagslega ábyrgð, menningarupplifun og tjáningu.





# „Samgleðst öðrum, þó ég tapi“

Ólympíuleikar ungmenna fóru fram í Buenos Aires 6.-18. október s.l. Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir náði þeim merka áfanga að vera fyrst Íslendinga til að vinna til gullverðlauna á Ólympíuleikum ungmenna og þar með fyrst Íslendinga til að vinna til gullverðlauna á leikum á vegum Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC). Þessi flotta íþróttakona byrjaði að æfa frjálsíþróttir 10 ára gömul.

## Hvaða íþróttir hefur þú æft?

Ég hef í rauninni ekki æft neitt nema frjálsar en prófaði fullt af íþróttum eins og handbolta, fótbolta, blak, fimleika. Síðan prófaði ég eina æfingu í karate og tennis. Ég fann mig ekki í neinu nema frjálsum.

## Hvað var það sem kveikti áhuga þinn á því að byrja að æfa frjálsíþróttir?

Mér hefur alltaf fundist gaman að hlaupa og ég hef líka alltaf hlaupið hratt. Um jólin 2008 dró vinkona mín mig á frjálsíþróttæfingu. Á þessum æfingum vorum við alltaf í þrautabrautum og mig langaði að hlaupa og stökkva eins og „stóru krakkarnir“ þannig að ég hélt áfram. Síðan þá hefur keppnisskapið og ánægjan þróast svo mikið að ég get ekki hætt.

## Hvenær ákvaðstu að einbeita þér að hlaupum?

Það var árið 2016 í Gautaborg þegar ég setti fyrsta Íslandsmetið mitt bæði í 80m og 300m hlaupi.

## Áttir þú þér fyrirmyndir í íþróttum þegar að þú varst yngri?

Nei, ég fylgdist ekki mikið með frjálsum fyrr en árið 2015, en þá var Usain Bolt og Allyson Felix í miklu uppáhaldi. Nú í dag er það ennþá Allyson Felix.

## Telur þú þig vera fyrirmynd?

Já, ég tel mig vera fyrirmynd. Ég vil sýna að ef maður vill eitthvað þá á maður að vera viljugur til þess að leggja á sig ýmislegt til þess að ná því. Það er líka mikilvægt að hafa gaman af því sem maður gerir. Íþróttir eru skemmtun en ekki kvöð.

## Hver var upplifun þín af YOG 2018?

YOG var svo ótrúlega skemmtileg og gefandi ferð. Að vera í burtu að heiman í þrjár vikur var dálítið skrytið en þetta leið svo hratt, bæði því það var svo gaman og að ég var með svo ótrúlega skemmtilegum krökkum. Ég kynntist líka mörgu fólki og ég veit að ég mun sjá það einhvern tímann aftur, þess vegna er mjög mikilvægt að mynda tengsl. YOG gaf mér svo mikla



reynslu og í framtíðinni mun þetta mót koma sér svo sannarlega vel fyrir mig og hina sem fóru á þetta mót.

## Hver eru þín helstu markmið, t.d. í tengslum við stórmót?

Helsta markmiðið mitt í framtíðinni er að bæta mig, því það er alltaf eitthvað sem maður getur lagað, það er það sem ég elska við frjálsar. Ef ég bæti mig þá er ég sátt. Mig langar líka að komast á Evrópumeistaramót og Heimsmeistaramót fullorðinna og Ólympíuleika en það verður allt að koma í ljós. Ég á enn eftir fullt af aldursflokkamótum sem ég þarf að einbeita mér að fyrst.

## Hvað hefur iðkun íþróttar kennt þér?

Íþróttir gefa manni svo mikið. Ég er búin að læra svo mikið á sjálfa mig. Ég hef kynnst fullt af fólki bæði hér á landi og í útlöndum. Ég hef lært að ef mér gengur ekki vel þá þarf ég bara að leggja enn meira á mig til að ná markmiðum mínum. Ég hef lært að samgleðjast með þeim sem gengur vel, þó svo að ég tapi. Íþróttafólk myndar svo sérstök tengsl, því íþróttamenn vita hvað aðrir íþróttamenn hafa þurft að gera til þess að komast svona langt.

## Hvernig sérðu ferilinn þinn fyrir þér?

Ég veit að ég mun klára menntaskóla hér á landi, en svo veit ég ekki hvort mig langi erlendis eða ekki. Ég held samt að ég verði hér því mér finnst svo gott að æfa hjá Brynjari Þjálfara mínum. Ég væri ekki búin að afreka svona mikið ef ekki væri fyrir hann. Ég ætla samt ekki að hætta að vinna eða vera í skóla vegna æfinga, því mér finnst mikilvægt að gera eitthvað annað líka þar sem að íþróttirnar endast ekki alla tíð.



Frá móttöku til heiðurs þátttakendum á Ólympíuleikum ungmenna 2018

## Ráðstefna IOC í Buenos Aires

Í byrjun október fór fram ráðstefna Alþjóða-ólympíunefndarinnar (IOC) sem fjallaði um Ólympíuhugsjónina á víðtækan hátt. „Olympism in Action“ var yfirskrift ráðstefnunnar og fór hún fram í Buenos Aires í tengingu við Ólympíuleika ungmenna 2018.

Ráðstefnuna sóttu fyrir hönd ÍSÍ þau Lárus L. Blöndal, forseti ÍSÍ, og Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ auk þess sem að Örvar Ólafsson, aðalfararstjóri íslenska hópsins á Ólympíuleikum ungmenna sat hluta ráðstefnunnar. Mörg fróðleg erindi voru á dagskrá og var ráðstefnan vel sótt af fulltrúum þeirra þjóða sem taka þátt í Ólympíuleikum ungmenna, fulltrúum Alþjóðaólympíunefndarinnar, alþjóða-sársambanda, stjórnvalda, friðarhreyfinga og fleiri aðilum sem tengjast íþróttastarfi um allan



heim. Ráðstefnan hafði það að markmiði að ræða hvernig hægt er að bæta heiminn með íþróttastarfi, s.s. með því að skoða tengsl íþróttanna á samfélagið, heyra mismunandi skoðanir á málum sem snerta íþróttahreyfinguna og Ólympíuleikana og hvaða aðgerða er þörf í náinni framtíð til að bregðast við kröfum mismunandi hópa, þ.m.t. yngra fólks.

# Ellert heiðraður af EOC

Ellert B. Schram, Heiðursforseti Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, var sæmdur heiðursviðurkenningunni EOC Laurel Award – lárviðarsveig Evrópusambands Ólympíunefnda af framkvæmdastjórn EOC í október sl. Viðurkenninguna fékk Ellert fyrir frábær störf í þágu íslenskra íþrótt- og Ólympíuhreyfingarinnar. Afhendingin fór fram á lokadegi aðalfundar EOC sem fram fór í Marbella á Spáni dagana 9. og 10. nóvember.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands óskar Ellerti innilega til hamingju með þessa verðugu viðurkenningu.



# Lífshlaupið 2019

Lífshlaupið, landskeppni í hreyfingu, verður ræst í tólfta sinn þann 6. febrúar 2019. Vinnustaðakeppnin stendur yfir frá 6.- 26. febrúar en grunnskóla- og framhaldsskólakeppnir standa yfir frá 6.- 19. febrúar. Skráning hefst þann 23. janúar

Allar frekari upplýsingar má nálgast á vefsíðu Lífshlaupsins [www.lifshlaupid.is](http://www.lifshlaupid.is) eða [facebook síðunni undir Lífshlaupið](https://www.facebook.com/lifshlaupid).



# Haustfjarnámi í þjálfaramenntun lokið

Haustannarfjarnámi ÍSÍ í þjálfaramenntun lauk í nóvember sl. Alls 46 nemendur luku námi á 1. stigi ÍSÍ, almennum hluta sem gildir jafnt fyrir allar íþróttgreinar. Nemendur komu úr mörgum mismunandi íþróttgreinum s.s. fimleikum, frjálsíþróttum, körfuknattleik, handknattleik, júdó, dansíþróttum, sundi, skíðaíþróttum, knattspyrnu, skautaiþróttum, siglingum og blaki. Sérgreinapátt námsins taka nemendur hjá viðkomandi sérsambandi ÍSÍ. Næsta fjarnám í þjálfaramenntun verður á vorönn 2019 og hefst um mánaðamótin janúar/febrúar.

[Nánari upplýsingar um þjálfaramenntun ÍSÍ má nálgast á vefsíðu ÍSÍ.](#)





# Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar

Vetrarleikar Ólympíuhátíðar Evrópuæskunnar verða haldnir í Sarajevó og Austur-Sarajevó 9. -16. febrúar n.k. Ólympíuleikar voru haldnir á sömu slóðum og í mörgum af sömu mannvirkjunum árið 1984. Íslenskir þátttakendur verða óvenju margir en þeir munu taka þátt í alpagreinum, skíðagöngu, listskautum og á snjóbrettum. Þátttakendur munu dvelja á tveimur risa hótelum meðan á leikunum stendur. Vefsíða leikanna er [www.eyof.org/2019-winter-sarajevo/](http://www.eyof.org/2019-winter-sarajevo/).



## Ferðasjóður íþróttafélaga

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Ferðasjóð íþróttafélaga. Frestur til að skila inn umsóknum er til miðnættis 9. janúar 2019. Ekki verður hægt að taka við umsóknum eftir þann tíma. Umsóknir eru sendar í gegnum [rafrænt umsóknarsvæði sjóðsins](#). Öll íþrotta- og ungmennafélög innan vébanda ÍSÍ geta sótt um styrki í sjóðinn vegna keppnisferða

innanlands á fyrirfram ákveðin styrkhæf mót ársins 2018. Til úthlutunar eru 127 milljónir króna. Styrkir úr sjóðnum verða greiddir út í febrúar.

Umsækjendur eru hvattir til að vanda frágang umsókna til að auðvelda og einfalda úrvinnslu þeirra.

## Ráðstefna um jákvæða íþróttamenningu

Ráðstefnan „Jákvæð íþróttamenning“ var haldin í Háskólanum í Reykjavík 2. nóvember sl. Íþrotta- og Ólympíusamband Íslands og Ungmennafélag Íslands héldu ráðstefnuna í samvinnu við Háskólann í Reykjavík undir merkjum verkefnisins Sýnum karakter. Áherslan á ráðstefnunni var á félagslegar og sálrænar hliðar íþrotta og rætt var um leiðir til að byggja upp jákvæða menningu í íþróttastarfinu. Ráðstefnugestir komu víða að en uppselt var á ráðstefnuna.

Charlotte Ovefelt, jafnréttisráðgjafi sænska íþróttafélagsins IF Brommapojkarna, hélt áhugavert erindi um staðalímyndir og viðhorf í félaginu. Knattspyrna hefur miðast við karla frá upphafi og fara mestu fjármunirnir til karladeilda. Unnið er meðvitað að því innan sænska íþróttafélagsins IF Brommapojkarna að opna félagið fyrir alla iðkendur og bjóða upp á æfingar fyrir bæði kynin. Í samræmi við breytta stefnu opnar félagið íþróttahús sín og hallir fyrir yngri kynslóðir iðkenda þegar þörfin er mest, á kvöldin og um helgar. Eins er farið að bjóða upp á æfingar fyrir stúlkur sem hafa aldrei áður verið í skipulögðu íþróttastarfi. Ungmenni fá jafnvel að vinna á viðburðum IF Brommapojkarna.

Aðrir sem héldu erindi á ráðstefnunni voru dr. Viðar Halldórsson, Markús Máni Michaelsson Maute hjá Sportabler, Ása Inga Þorsteinsdóttir hjá Stjörnunni, Karl Ágúst Hannibalsson hjá FSu, Jóhannes Guðlaugsson hjá ÍR og dr. Chris Harwood, íþróttasálfræðingur og prófessor við Loughborough háskóla í Englandi. Harwood stýrði auk þess vinnustofu 3. -4. nóvember með dr. Karl Steptoe, íþróttasálfræðingi sem m.a. vinnur fyrir enska úrvalsdeildarliðið Leicester City.

[Upptöku frá ráðstefnunni má nálgast á vefsíðu Sýnum karakter.](#)



Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og Fyrirmyndarhérað ÍSÍ eru gæðaverkefni íþróttahreyfingarinnar er snúa að íþróttastarfi. Með því að taka upp gæðaviðurkenningu fyrir íþróttastarf geta íþróttafélög, -deildir eða -héruð sótt um viðurkenningu til ÍSÍ miðað við þær gæðakröfur sem ÍSÍ gerir. Standist þau þessar kröfur fá þau viðurkenningu á því frá ÍSÍ og geta kallað sig Fyrirmyndarfélag ÍSÍ, Fyrirmyndardeild ÍSÍ eða Fyrirmyndarhérað ÍSÍ. ÍSÍ hvetur íþróttafélög, -deildir og -héruð til að sækja um þessa viðurkenningu til ÍSÍ. [Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á vefsíðu ÍSÍ.](#)

## Stjarnan sér tækifæri í verkefninu

Mörg íþrótt- og ungmennafélög og deildir þeirra sjá sér hag í því að verða fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Umf. Stjarnan í Garðabæ er eitt þeirra félaga sem hefur þessa nafnbót og hefur haft í allmörg ár eða allt frá árinu 2005. Allar deildir innan Stjörunnar eru fyrirmyndardeildir ÍSÍ í dag og var síðasta endurnýjun til deildanna og þar með félagsins í heild sinni afhent snemma árs 2016. Handbækur deildanna eru afar vel unnar og aðalstjórn hefur mótað skýrar stefnur í þeim málaflokkum sem kröfur eru gerðar til um.

Páll Grétarsson, fjármálastjóri UMF Stjörunnar segir í viðtali við ÍSÍ fréttir að þessi viðurkenning hafi haft margar jákvæðar breytingar í för með sér fyrir félagið.

### Hvers vegna sótti félagið um viðurkenninguna?

Við sáum tækifæri í því að nýta okkur hugmyndafræði verkefnisins til að bæta verklag félagsins á ýmsum sviðum. Með tilkomu handbókar félagsins og deilda varð t.d. til tæki sem hefur nýst félaginu vel.

### Hefur viðurkenningin haft jákvæðar breytingar í för með sér?

Engin spurning. Á þeim tíma sem við hófum þátttöku í verkefninu var Stjarnan ört stækkandi félag og iðkendum fjölgaði gríðarlega. Skjalfest verklag og handbækur hafa hjálpað okkur mikið í að mæta þeim áskorunum sem fólust í þeim öru breytingum sem félagið gekk í gegnum.

### Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

Já, ég myndi vilja hvetja félög til að nýta sér þau verkfæri sem felast í verkefninu.



# Afhendingar viðurkenninga

Hestamannafélagið Máni í Reykjanesbæ fékk endurnýjun viðurkenningar félagsins sem Fyrirmyndarfélag ÍSí á aðalfundi þriðjudaginn 20. nóvember sl. Máni var eitt af fyrstu íþróttafélögum innan ÍSí sem fékk þessa viðurkenningu og fyrsta hestamannafélagið. Félagið hefur endurnýjað viðurkenninguna allar götur síðan. Það var Sigríður Jónsdóttir varaforseti ÍSí sem afhenti formanni félagsins, Gunnari Eyjólfssyni viðurkenninguna ásamt fána fyrirmyndarfélaga.



Körfuknattleiksdeild Tindastóls fékk endurnýjun viðurkenningar deildarinnar sem Fyrirmyndardeild ÍSí 8. nóvember sl. í íþróttahúsinu á Sauðárkróki. Það var Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóri ÍSí á Akureyri sem afhenti formanni deildarinnar Ingólfi Jóni Geirssyni viðurkenninguna.



Hestamannafélagið Hörður í Mosfellsbæ fékk endurnýjun viðurkenningar félagsins sem Fyrirmyndarfélag ÍSí miðvikudaginn 24. október sl. á aðalfundi félagsins í félagsheimilinu Harðarbóli. Það var Þráinn Hafsteinsson úr framkvæmdastjórn ÍSí og jafnframt formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí sem afhenti Hákonu Hákonarsyni formanni félagsins viðurkenninguna.



Knattspyrnufélag Reykjavíkur fékk viðurkenningu sem Fyrirmyndarfélag ÍSí fyrir allar deildir félagsins sem eru virkar og með viðurkennda íþróttagrein 24. október sl. Þráinn Hafsteinsson úr framkvæmdastjórn ÍSí afhenti viðurkenningarnar til fulltrúa deildanna níu auk viðurkenningar til aðalstjórnar sem Gylfi Dalmann Aðalsteinsson tók við. Á myndinni er Þráinn Hafsteinsson lengst til hægri, Gylfi Dalmann við hlið hans og svo fulltrúar deildanna níu.



# Formannafundur ÍSÍ 2018



Árlegur Formannafundur ÍSÍ var haldinn 16. nóvember í Laugardalshöllinni. Ríflega 100 manns sóttu fundinn.

Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ setti fundinn og ávarpaði fundargesti. Hann ræddi þau verkefni sem á borði hreyfingarinnar hafa verið undanfarið ár, ýmsar áskoranir í starfsumhverfi íþróttahreyfingarinnar og þróun og framtíð í skipulagsmálum íþróttanna.



Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ flutti skýrslu stjórnar og Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ fór yfir fjárhagslegar upplýsingar. Framkvæmdastjórn lagði þrjú mál fyrir Formannafund til kynningar og umræðu. Ragnhildur Skúladóttir sviðsstjóri Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ fór yfir stöðu mála varðandi #églika, Anna Þórdís Rafnsdóttir stjórnendaráðgjafi frá Advania fór yfir skyldur og verkefni íþróttahreyfingarinnar vegna nýrra laga um persónuvernd (GDPR) og Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ ræddi ýmis mál er varða starfsemi íþróttafélaga og lagaumhverfi hreyfingarinnar.



Góðar umræður urðu á fundinum, meðal annars um þjóðarleikvanga, aðstöðumál sambandsaðila, skyldur sambandsaðila og fleiri hagsmunamál er brunnu á fundargestum. Að loknum fundi bauð ÍSÍ fundargestum til kvöldverðar í Café Easy.

## GDPR fyrir íþróttahreyfinguna

Undanfarna mánuði hefur ÍSÍ unnið að því að útbúa leiðbeinandi innleiðingarpakka fyrir íþróttahreyfinguna vegna nýrra persónuverndarlaga, til að einfalda það verk sem hver sambandsaðili og íþróttafélag þarf að vinna og lágmarka kostnað íþróttahreyfingarinnar við verkefnið. Öll skjöl eru byggð á vinnu með ráðgjöf frá Advice Advania. Í innleiðingarpakkanum verður m.a. drög að útfylltri vinnsluskrá, úrbótaskrá, persónuverndarstefnu og

gerð áhættumats í samvinnu við sambandsaðila, til að léttja undir innleiðingu sambandsaðila á nýjum lögum um persónuvernd. Með pakkanum fylgja leiðbeiningar ásamt dæmum um hvernig fylla má út vinnsluskrá og önnur skjöl.

Innleiðingarpakkinn verður sendur til sambandsaðila í desember. Stefnt er að því að hefja kynningar- og fræðslufundi vegna innleiðingar í janúar nk.

# Framtíðarskipulag íþróttamála

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands stóð fyrir fundi um framtíðarskipulag íþróttamála þann 16. nóvember í Laugardalshöll. Til fundarins var boðið stjórnnum og starfsfólki ÍSÍ og UMFÍ, fulltrúum frá sambandsaðilum ÍSÍ, ásamt Íþróttanefnd ríkisins, fulltrúum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Félagi íþrótta-, æskulýðs- og tólmstundafulltrúa. Fundarformið var blanda af þjóðfundi og borgarafundi. Tilkoma þessa fundar er sú að á 73. Íþróttapingi vorið 2017 var eftirfarandi tillaga samþykkt:

*73. Íþróttaping ÍSÍ, haldið 5.– 6. maí 2017 í Gullhömrum í Reykjavík, samþykkir að fela framkvæmdastjórn ÍSÍ að vinna að ráðstefnu um*

*framtíðarskipulag íþróttamála með aðkomu ÍSÍ, UMFÍ, Samtökum íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneyti.*

Framkvæmdastjórn ÍSÍ ákvað í kjölfarið að skipa vinnuhóp um undirbúning ráðstefnu/fundar um ofangreint málefni og ákvað vinnuhópurinn að hafa fyrirkomulagið blöndu af þjóðfundi og borgarafundi. Fundarstjóri var Gunnar Jónatansson en hann hefur mikla reynslu af fundum sem þessum. Fundurinn tókst afar vel og var almenn ánægja með fyrirkomulagið. Framkvæmdastjórn ÍSÍ mun nú taka afurðir fundarins og vinna með þær frekar í aðdraganda Íþróttapings ÍSÍ í maí 2019.



## Undirritun samninga um framlag til ÍSÍ

Mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, undirritaði á dögnum samning við ÍSÍ, sem felur í sér framlag vegna reksturs sambandsins sem og stuðning við sérsambönd ÍSÍ. Einnig var undirritaður samningur vegna Ferðasjóðs íþróttafélaga. Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ undirritaði samningana fyrir hönd ÍSÍ en þeir gilda frá 2018-2020. Við sama tækifæri voru samningar við Íþróttasamband fatlaðra og Skáksamband Íslands undirritaðir.

Markmiðið með samningum þessum er að tryggja rekstur ÍSÍ og styrkja sérsambönd sem starfa innan vébanda ÍSÍ. Hlutverk þeirra er meðal annars að efla mótahald, útbreiðslu og fræðslu um viðkomandi íþróttgreina á landsvísu, auka upplýsingagjöf um íþróttastarf og koma fram fyrir hönd viðkomandi greinar á erlendum vettvangi.



Á myndinni eru fulltrúar Skáksambands Íslands, ÍSÍ og Íþróttasambands fatlaðra ásamt mennta- og menningarmálaráðherra.

# „Æfum alla ævi - Spannandi verkefni“

Gunnhildur Hinriksdóttir hefur nýverið tekið við starfi sem framkvæmdastjóri Héraðssambands Þingeyinga (HSP). HSP er víðfemt íþróttahérað með starfsemi allt frá Grenivík að Bakkafirði, eftir sameiningu íþróttahéraðanna í Norður- og Suður-Þingeyjarsýslu árið 2007. HSP fagnar 105 ára afmæli á næsta ári og að mati Gunnhildar er framtíðin björt fyrir héraðssambandið. HSP vinnur nú að því að gerast Fyrirmyndarhérað ÍSÍ.

## Hver er þín saga Gunnhildur Hinriksdóttir?

Ég er fædd og uppalin í Mývatnssveit. Skólaganga mín leiddi mig um víða veröld, fyrst í Lauga sem var alveg dásamlegt, vistarlífið, aðgangurinn að íþróttahúsinu, maturinn, þvotturinn. Ég kláraði stúdentinn á Akureyri og fylgdi svo kærastanum í háskólanám til Bandaríkjanna við the University of Georgia í Athens í Georgíu. Þar lærði ég íþróttfræði og æfði og keppti í frjálsíþróttum fyrir skólann. Þá lá leiðin aftur heim þar sem ég bjó í Reykjavík og flutti svo á Laugarvatn en þar bjó ég í um 15 ár og kenndi við íþróttfræðasetur HÍ. Ég reyndar skrapp í eitt og hálf ár aftur til Bandaríkjanna árið 2006 til að ná mér í meistaraþróðu í íþróttfræði frá the University of Illinois í Urbana-Champaign í Illinois. Ég var alltaf á einhverjum hlaupum, hoppi eða skoppi þegar ég var krakki og fannst frjálsíþróttirnar mest heillandi. Blak var reyndar áhugavert en ég ákvað að geyma að æfa það þar til ég væri orðin gömul og hætt í frjálsum. Hreyfing og íþróttir hafa verið stór hluti af mér alla tíð og reyndar fjölskyldunni allri. Ég er gift Sigurbirni Árna Arngrímssyni og eigum við þrjú börn 9-15 ára sem öll eru að sprikla í íþróttum. Í dag bý ég á Laugum í Reykjadal og teygja í mig norðlenska loftið.

## Hvers vegna ákvaðst þú að sækja um starf sem framkvæmdastjóri HSP?

Við fjölskyldan fluttum norður m.a. vegna þess að Háskóli Íslands ákvað að hætta með

íþróttfræði á Laugarvatni og maðurinn minn fékk skólameistarastöðu hér við Framhaldsskólann á Laugum. Ég var fyrst í leyfi frá háskólanum og svo þegar staðan var auglýst ákvað ég að sækja um þar sem ég var flutt norður. Ég hef ekki verið mikið herna megin við borðið þegar kemur að íþróttastarfinu en fannst spennandi að fá að takast á við það.

## Hvernig er að vera framkvæmdastjóri íþróttahéraðs?

Það er nú svolítið áhugaverð spurning. Staðan er aðeins 50% staða og dugar til að svamla um á yfirborðinu. Ég er í raun enn að átta mig á umfanginu og því sem þarf að gera. En það hefur mikið breyst í íþróttalífi og -skipulagi hér á Íslandi á undanföllum árum. Eftir að stóra Landsmóti UMFÍ var breytt þá er hlutverk héraðssambanda varðandi öflug héraðslið breytt og þannig einnig ákveðinni grunnhugsun í starfinu. Félögin og deildir þeirra eiga í meiri samskiptum beint við sérsamböndin varðandi þeirra mál. Hér innan HSP var samþykkt á síðasta ársþingi að móta stefnu HSP á sviði hreyfingar, íþróttar og lýðheilsu sem fékk heitið *Æfum alla ævi*. Við erum nú að reyna að tryggja fjárhagslegan grundvöll þess verkefnis en við teljum að það sé mikilvægt að fara í þessa stefnumótum til þess að gera starf HSP markvissara og stuðning við aðildarfélögin betri.

## Er mikið í gangi og eru verkefnin fjölbreytt?

Verkefnin eru nú nokkuð hefðbundin líklega og sæmilega fjölbreytt. Skemmtilegast finnst mér þegar ég get aðstoðað aðildarfélög við það sem þau eru að brasa. Annars þá hefur starfið á svæðinu verið svolítið rýsjótt, sum aðildarfélög eru með mjög virka og fína starfsemi meðan önnur eiga erfiðara uppdráttar, m.a. vegna íbúapróunar. Í ár hafa verið haldin HSP-mót í frjálsíþróttum og sundi en betur má ef duga skal. Þörf fyrir svona innanhéraðsmót hefur kannski líka breyst með tilkomu betri samgangna. Félög og foreldrar eru dugleg að fara um allt land



til þess að taka þátt í mótum og viðburðum, bæði sér til skemmtunar en einnig til að fá fjölbreyttari keppni sem er vel. Ég persónulega tel það mikilvægt að vera með keppnir á sambandsvæðinu m.a. vegna vegalengda en líka til að búa til ákveðna samheldni og þá tilfinningu að tilheyra. Öll viljum við tilheyra og íþróttastarf er kjörinn vettvangur. Stærsta verkefnið framundan er þessi stefnumótun, Æfum alla ævi, og eins að gera héraðssambandið að Fyrirmyndarhéraði ÍSÍ. Bæði verkefnin eiga eftir að bæta umgjörðina í starfi HSP til muna.

### Er framtíðin björt fyrir HSP?

Já, framtíðin er björt, allavega vil ég hafa hana þannig. Við þurfum að fara í svolitla greiningarvinnu með stöðu félaganna hér á svæðinu og hvernig við getum stutt þau betur. Starfssvæði HSP er gríðarstórt, nær allt Norð-Austurland og tekur það t.d. formanninn um 200 km að skutlast á fund með mér hér á skrifstofunni og þá eru enn eftir um 60 km

inn á Grenivík. Hér í Þingeyjarsýslum hafa alltaf verið efnilegir íþróttakrakkar og er engin breyting á því. Einnig hefur verið sterk hefð fyrir sjálfboðaliðastarfi sem er íþróttafélögunum nauðsynlegt. Með breyttum tíðaranda, fjölbreyttari afþreyingarmöguleikum og samskiptaleiðum er enn mikilvægara að styrkja þá sem standa í þessu starfi. Nú geta krakkar spilað saman tölvuleik þó svo að heilu heimsálfurnar skilji þau að - við þurfum helst að ná því líka varðandi hreyfingu og skipulagðar íþróttæfingar. Allavega að byrja á meira samstarfi og samvinnu og ég vona svo sannarlega að aðildarfélögum HSP beri sú gæfa að taka þátt í stefnumótun vegna Æfum alla ævi af fullum krafti svo starfið á svæðinu geti dafnað með sem bestu móti.

### Eitthvað að lokum?

Er ekki við hæfi að óska landsmönnum öllum gleði og farsældar í verkefnum komandi árs.



# Afrekssjóður ÍSÍ

Nýverið hefur verið úthlutað í áföngum úr Afrekssjóði ÍSÍ til einstakra sérsambanda vegna verkefna ársins 2018. Nánar má lesa um styrkveitingarnar á vefsíðu ÍSÍ. Ljóst er að viðbótarstyrkur Afrekssjóðs ÍSÍ hefur mikla þýðingu gagnvart því afreksíþróttastarfi sem á sér stað í íslenskum sérsamböndum í dag. Það er von ÍSÍ að styrkirnir muni koma sér vel í afreksstarfi þessarra sambanda.



Golfsamband Íslands



Þríþrautarsamband Íslands



Dansíþróttasamband Íslands



Sundsamband Íslands



# Heimsóknir til ÍSÍ

Hingað til lands hafa nokkrir hópar komið undanfarið ár til þess að kynna sér umhverfi, skipulag og starfsemi Íþróttá Íslandi. Víðtæk þátttaka landsmanna í Íþróttum og fagleg umgjörð Íþróttahreyfingarinnar vekur athygli út fyrir landsteinana. Um miðjan nóvember kom fjögurra manna sendinefnd frá Evrópuráðinu, það voru Michael Trinker, Zoran Verovnik, Liam McGroarty og Ewa Markowicz og voru þau í fylgd Óskars Þórs Ármannssonar og Valgerðar Þórunnar Bjarnadóttur sérfræðinga hjá ráðuneytinu.



## Dagsetningar verkefna 2019

Næstu mánuðir verða viðburðarríkir hjá ÍSÍ. Hér má sjá helstu dagsetningar á verkefnum ÍSÍ árið 2019.

**6. febrúar:** Lífshlaupið hefst

**9.-16. febrúar:** Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Sarajevo og East Sarajevo

**3. maí:** 74. Íþróttþing ÍSÍ

**8. maí:** Hjólað í vinnuna hefst

**27. maí - 1. júní:** Smáþjóðaleikar í Svartfjallalandi

**15. júní:** Sjónvá Kvannahlaup ÍSÍ

**21.-30. júní:** Evrópuleikar í Minsk í Hvíta-Rússlandi

**23. júní:** Alþjóðlegi Ólympíudagurinn

**21.-27. júlí:** Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Bakú Azerbaijan

**4. september-2. október:** Göngum í skólann og Hjólum í skólann

**23. september:** Íþróttavika Evrópu

**10.-15. október:** Heimsstrandarleikar ANOC

# Ólympíufjölskylda ÍSÍ



## Samfélagsmiðlar ÍSÍ

Vefsíða



Myndasíða



Facebook



Instagram



Vimeo



Issuu



## Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands

Íþróttamiðstöðin í Laugardal  
Engjavegur 6  
104 Reykjavík  
Sími: 514 4000  
Netfang: isi@isi.is

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) varð til við sameiningu Íþróttasambands Íslands og Ólympíunefndar Íslands árið 1997. ÍSÍ er landssamband héraðssambanda/íþróttabandalaga og sérsambanda og er einu heildarsamtök íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. ÍSÍ er æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu samkvæmt íþróttalögum. Félagsaðildir í íþróttahreyfingunni eru rúmlega 344 þúsund og fjöldi virkra iðkenda er tæplega 95 þúsund.

